



# Áveitan

5. tbl. 12. árgangur. Maí 2018


## Sameiginlegur framboðsfundur

Flóalistinn og T-listinn hafa ákveðið að bjóða til sameiginlegs framboðsfundar með íbúum Flóahrepps.

Fundurinn verður haldinn í Þingborg 14. maí kl. 20:00.

Hlökkum til að sjá sem flesta.  
Frambjóðendur.

## Á döfinni hjá Umf. Þjótanda (flest nánar auglýst síðar)



Maí: Vetraræfingum lýkur  
Fjör í Flóa: Brokk og skokk  
Pylsusala við Þingborg  
Kraftakeppni við Þingborg  
Júní –ágúst: Leikjanámskeið fyrir 7-12 ára hefst 11. júní  
Stefnt að hátíðarhöldum í Einbúa á 17. júní  
Fótboltamót fyrir krakka 17. júní  
Íþróttæfingar fyrir alla  
Leikjakvöld fyrir unglina  
Lýðheilsuverkefni á félagssvæðinu  
Frjálsíþróttamót í Þorlákshöfn og Selfossi  
Ungmennafélagsreiðtúrinn  
Meistaramót Þjótanda í frjálsum  
Fjallganga  
Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn um Versló

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo@emax.is	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar í Flóahreppi og aðrir lesendur!  
Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.

Öll hreyfing léttir lundina, eykur jákvæðni og bjartsýni og gaman að hitta hressst og skemmtilegt fólk í sundi. Fulltrúar frá sveitarfélaginu Árborg og Flóahreppi hafa nú gengið frá samkomulagi um að börn og ungmenni á aldrinum 10 – 17 ára sem hafa lögheimili í Flóahreppi fái endurgjaldslausan aðgang að sundstöðum Árborgar á Selfossi og Stokkseyri með sömu skilmálum og að þeir væru með lögheimili í Árborg, þ.e. aðgang án endurgjalds. Sama gildir um eldri borgara, þá sem eru öryrkjar og þá sem þiggja atvinnuleysisbætur. Flóahreppur afhendir lista með nöfnum þessara barna og ungmenna og þeirra sem eru 67 ára og eldri og lögheimili hafa í Flóahreppi og eru auðkenni þessara aðila skráð við fyrstu heimsókn í aðgangskerfi sundhallarinnar. Eftir það geta þeir sem eru skráðir í kerfið nýtt sér rafrænt aðgagnsstýringarkerfi. Slíkt kerfi er ekki til staðar í sundlaug Stokkseyrar en þar gefa gestir upp nafn og heimilisfang í afgreiðslu til að fá aðgang án endurgjalds. Eg hvet ykkur til þess að nýta ykkur þessi fríðindi eins og þið getið og taka þannig þátt í alhliða heilsuefningu. Í tengslum við þennan samning verður úthlutað tímum í Sundlauginni á Stokkseyri fyrir sundkennslu 1.–6. bekkjar í Flóaskóla næsta vetur.

## Vorhreinsun

Tökum þátt í sunnlensku átaki í hreinsun og fegrun umhverfis. Stefnt er að vorhreinsun í Flóahreppi með svipuðu sniði og undanfarin ár. Gámar vegna vorhreinsunar verða staðsettir á plani við Heiðargerði og við Félagslund dagana 18.–24. maí. Á sama tíma býður sveitarfélagið járna- og timburgáma til hreinsunarátaks heima á bæjum sé um mikið magn að ræða. Flóahreppur leggur eins og áður mikla áherslu á, vandaða sorphlokkun, fegrun umhverfis og góða umgengni. Íbúar og sumarhúsaeygendur eru hvattir til þess að nýta sér þjónustuna en minnt er á að vanda vel til flokkunar í gámana til þess að minnka kostnað sveitarfélagsins við losun þeirra.

Nauðsynlegt er að gámapantanir berist með góðum fyrirvara til þess að auðvelda skipulagningu á akstri í tengslum við hreinunarstörf. Pantanir berist í síma 480 4370 og á netfangið [gudrun@floahreppur.is](mailto:gudrun@floahreppur.is)

### **Vinnuskóli Flóahrepps– umsóknir**

Umsóknareyðublöð fyrir þá sem óska eftir að starfa í vinnuskólanum er að finna á heimsíðu sveitarfélagsins og skrifstofu Flóahrepps. Umsóknarfrestur er til 15. maí. Ekki hefur ennþá verið tekin ákvörðun um það hvort 7. bekkingar hafa aðgang að vinnuskólanum einhverjar vikur eins og s.l. tvö ár. Ef svo er verður þá verður það auglýst í næstu Áveitu. Stefnt er að því að vinnuskólinn hefji störf 11. júní.

### ***Flokkstjóri unglíngavinnu Flóahrepps:***

*Flóahreppur auglýsir eftir öflugum starfskröftum sem hafa gaman af að vinna með börnum og ungmennum, til þess að sjá um unglíngavinnu Flóahrepps. Bæði flokkstjóra og aðstoðarflokkstjóra. Bilpróf skilyrði, dráttarvélapróf æskilegt.*

*Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps merkt vinnuskóli eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) fyrir 5. maí 2018 ásamt nýju sakavottorði.*

### **Frá Einbúanefnd**

Nú í vor (lok maí-byrjun júní) verður ráðist í það verk að klára að koma klósetthúsinu sem keypt var síðasta sumar fyrir í Einbúa.

Við í Einbúanefndinni þiggjum alla þá hjálp sem hægt að fá við það verk. En ætlunin er að steypa smá undirstöður undir húsið áður en því verður lyft að sinn stað. Eins þarf að koma fyrir rotþró og viðeigandi lögnum að henni.

Þeir sem mögulega gætu lagt til handa okkur nokkra tíma í vinnu við að aðstoða okkur eru beðnir um að láta formann Einbúanefndar, Baldur Gauta vita.

Eins er stefnt að því að halda síðan vinnukvöld að venju í Einbúa í byrjun júní, þar sem við sláum og snyrtum svæðið okkar aðeins.

Einbúanefndin

# UPPSKRIFTARHORNID

## Enchiladas

### Hráefni:

2 msk ólífuolía

1 stk rauðlaukur, smátt saxaður

3 hvítlauksrif, pressuð

3 rauðir chili, fræhreinsaðir, smátt saxaðir

2 dósir tómatar, saxaðir

1 stór kjúklingur, steiktur (hægt er að nota kjúklingabringur)

1 bakki ferskur kóríander, saxaður

150-250gr rifinn ostur

500gr kotasæla

8 tortillur (minni pakkinn)

### Aðferð:

Rauðlauk, hvítlauk og chilipipar svissað í olíunni. Þá næst er tómötum hellt út í. Allt látið krauma við vægan hita í um 20 mín. Þá er kjúklingurinn rifinn í litla bita (skinnið er ekki notað) og blandað saman við kóríanderinn, ostinn og kotasæluna. Maukið er síðan sett inn í tortillurnar, þeim rúllað upp og raðað í eldfast mót. Næst er tomatblöndunni hellt yfir allt saman, að lokum er gott er að strá osti yfir. Síðan er þetta er bakað í ofni við 200°C í u.þ.b. ½ klst.

Þessi réttur er einfaldur, hollur og góður. Ekki skemmir fyrir að hann bragðast jafnvel betur daginn eftir þegar hann er búinn að fá að taka sig enn betur. Síðan þarf ekkert með honum nema nóg af fersku og góðu salati.

**Nú langar mig að skora á hana lögunni, vinkonu mína, í Forsæti til að ljóstra upp um eina af sínum gourmet uppskriftum.**

**Birna Harðardóttir, Urriðafossi**

## Fjör í Flóa

Fjör í Flóa verður núna föstudaginn 25. maí og laugardaginn 26. maí. Ertu ekki búinn að taka dagana frá? Ætlaðu ekki örugglega að mæta? Það verður svaka stemming og menning.



## Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn í Villingaholtskirkju mánudaginn 7. maí kl. 20.00

Dagskrá fundar:

- Fundargerð síðasta fundar
- Skýrsla formanns sóknamefndar
- Reikningar
- Kosning skoðunarmanns reikninga til eins árs
- Framkvæmdir við kirkju og kirkjugarð 2018
- Önnur mál

Sólveig Þórðardóttir  
formaður og gjaldkeri Villingaholtssóknar

## *Aðalfundur þorablótsdeildar*

Þorablótsdeild Umf. Þjótanda heldur aðalfund sinn þann 22. maí næstkomandi í Þingborg kl. 20:00 í fundarherbergi sunnan megin í húsinu (Hreppskrifstofumegin – fyrrum ungmenna- og kvenfélagsherbergi)

Farið verður yfir niðurstöður reikninga af síðasta þorablóti ásamt því að ræða framtíð þorablóts en það er ljóst að rekstur þorablótsins verður erfiðari eftir því sem krökkunum sem hafa séð um að útbúa skemmtiatriði fækkar. Rætt verður hvernig brugðist verður við því s.s. mögulega með að skipa skemmtinefnd úr sveitinni eða jafnvel sameining þorablóta eða þá eitthvað allt annað. Endilega mætið og ræðið málin.

Stjórnin

## Flóahlaupið-úrslit

40. Flóahlaupið fór fram við Félagslund 7. apríl í blíðskaparveðri. Þátttakendur voru 94 að þessu sinni og er það með besta móti. Hér að neðan má sjá efstu keppendur í hverri vegalengd en tíma annara keppenda og flokkaverðlaun má sjá á hlaup.is. Þess má geta að upphafsmaður hlaupsins, Markús Ívarsson setti HSK met í 5km hlaupi í flokki 60-69 ára þegar hann hljóp á tímanum 40:04mín.

### 10km karla

Valur Þór Kristjánsson	'80	34:59mín	ÍR
Magnús Þór Arnarson	'71	38:32mín	SPS
Víðir Þór Magnússon	'64	39:03mín	FH

### 10km konur

Elín Edda Sigurðardóttir	'89	37,21mín	ÍR
Tinna Rán Ægisdóttir	'80	46:35mín	HSK
Dagný Hanna Hróbjartsdóttir	'92	46:40mín	HSK

### 5km karlar

Vilhjálmur Þór Svansson	'86	17:19mín	ÍSÍ
Lárus Gohar Kazmi	'89	21:00mín	ÍSÍ
Sigmundur Stefánsson	'53	22:15mín	Friskir Flóamenn

### 5km konur

Amanda Marie Ágústsdóttir	'90	20:28mín	Þríkó
Borghildur Valgeirsdóttir	'80	20:55mín	Laugaskokk
Linda Jasonardóttir	'90	25:12mín	ÍSÍ

### 3km piltar 14 ára og yngri

Sigurjón Reynisson	'05	13:35mín	Þjótandi
Helgi Reynisson	'08	15:45mín	Þjótandi
Elvar Ingi Stefánsson	'09	20:07mín	Friskir Flóamenn

### 3km stúlkur 14 ára og yngri

Eyrún Arna Bjarnadóttir	'08	21:40mín	Friskir Flóamenn
Bryndís Arna Haraldsdóttir	'11	40:09mín	ÍSÍ

## Viltu vera stjarna?

Ertu búinn að hanna póstkassann þinn? Það styttist í Fjör í Flóa. Ætlaðir þú ekki að vera póstkassastjarna ársins 2018?

Til mikils að vinna.



# Pistillinn

Ég vil þakka vini mínum, Ásmundi fyrir áskorunina og mun ég ekki skorast undan henni. Ég heiti Guðmundur og er fæddur og uppalinn í Túni fyrir þá sem ekki þekkja mig.

Margar minningar sitja eftir um samveru mína og afa míns, Stefáns Guðmundssonar. Ég byrjaði ungur að fara á hestbak með afa. Eitt af því sem maður beið eftir á vorin var hestamannakaffið sem U.M.F. Baldur hélt. Þangað riðum við hvert einasta vor. Svo var fastur liður um mitt sumarið að fara Oddgeirshólahringinn. Yfirleitt kom Guðjón á Uppsölum með og kom hann ríðandi heim að Túni og beið eftir okkur afa (Það er greinilegt að tímaskyn mitt hefur komið í ljós fljótt). Upp Langholtsveg lá leiðin og þaðan yfir á Oddgeirshóla þar sem var stoppað í kaffi hjá Guðmundi og svo haldið heim niður Reykjavegin. Á haustin var alltaf riðið í réttir. Þegar afi hafði ekki heilsu í að fara alla leið frá Túni, enda orðinn yfir 90 ára gamall, þá settist hann á bak í Brautarholti og reið í réttirnar. Þannig má nú segja að hann hafi riðið í réttir alla tíð.

Fyrstu skiptin sem ég fékk að keyra traktor og bíl var afi sá sem gaf leyfið, reyndar við mismikla kátínu foreldra minna. Alltaf var hann boðinn og búinn að skutla manni hvert sem er. Þegar ég fékk æfingaraksturinn var afi, 91 árs gamall, skráður sem leiðbeinandi ásamt foreldrum mínum. Það má segja að ég hafi lítið keyrt hjá foreldrum mínum, kannski var ég lélegur bílstjóri en móðir mín var (er) svo skelfilegur „aftursætisbílstjóri“. En ég keyrði afa mikið á þessu ári, sérstaklega ef það var rigning og dimmt því þá var erfiðara fyrir gamla karlinn að sjá á veginn. Á veturna fórum við ófá þriðjudagskvöld á Rotary fund, þar sem hann var félagi og svo félagsvist í framsóknarhúsinu á eftir.

Ungur byrjaði ég að æfa á trommur og voru þær staðsettar niðri í kjallara fyrir neðan herbergið hans afa. Það var oft sem maður var að berja á trommurnar á fréttatíma, það skipti karlinum engu, ég mátti allveg æfa mig - þá bara hækkaði hann betur í sjónvarpinu og yfirleitt var það í botni. Já, þolinmóður var hann, eða allavega við okkur systkinin. Þetta eru forréttindi, þykir mér og kannski ástæða fyrir því hversu gömul sál ég er.

En svona af mér þá er ég nú í vor að ljúka við sveinspróf í rafvirkjun og stefni svo á önnur mið í haust. Að lokum vil ég skora á föðurbróður minn hann Hafstein Stefánsson í Túni að koma með næsta pistil.

Guðmundur Bjarnason

## Víðavangshlaup Umf. Þjótanda

fór fram á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta. Sett var nýtt þátttökumet í hlaupinu en 87 þátttakendur á aldrinum 2-69 ára fóru brautina, hver á sínum hraða. Að hlaupi loknu fengu allir þátttakendur svaladrykk og verðlaun fyrir þátttökuna. Sigurvegarar í karla- og kvennaflokki fengu farandbikara og þau voru að þessu sinni Soffía Náttsólf Andradóttir og Dagur Fannar Einarsson. Hér að neðan eru úrslit hlaupsins.

1.	Dagur Fannar Einarsson	'02	5:04mín
2.	Unnsteinn Reynisson	'03	5:45mín
3.	Soffía Náttsólf Andradóttir	'06	6:45mín
4.	Helgi Reynisson	'08	5:25mín
5.	Kristófer Máni Andrason	'10	5:27mín
6.	Karólína Þórbergsdóttir	'09	5:31mín
7.	Benjamín M. Magnússon	'06	7:48mín
8.	Guðrún Ásta Ægisdóttir	'05	7:50mín
9.	Arnór Leví Sigmarsson	'07	8:02mín
10.	Hjalti Geir Jónsson	'06	8:03mín
11.	Bjarki Rafn Reynisson	'10	8:12mín
12.	Axel Sævarsson Aitken	'11	8:15mín
13.	Kári Einarsson	'10	8:23mín
14.	David Örn Sævarsson Aitken	'08	8:29mín
15.	Guðbjörg Hulda Einarisdóttir	'81	8:47mín
16.	Þorbjörn Sturluson	'11	8:58mín
17.	Svandís Sævarsdóttir Aitken	'07	9:02mín
18.	Jón Oliver Rúnarsson	'10	9:03mín
19.	Ólafur Veigar Kárason	'08	9:32mín
20.	Þórarinn Óskar Ingvarsson	'09	9:43mín
21.	Freyr Sturluson	'09	9:44mín
22.	Valgerður Björk Hlíðdal	'14	9:59mín
23.	Örvar Rafn Hlíðdal	'84	9:59mín
24.	Lilja María Axelsdóttir	'12	10:00mín
25.	Axel Páll Einarsson	'87	10:00mín
26.	Hlynur Helgi Jónsson	'09	10:02mín
27.	Unnur Bjarkadóttir	'86	10:02mín
28.	Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	10:20mín
29.	Rán Ægisdóttir	'10	10:29mín
30.	Bergþóra Dögg Þórbergsd.	'11	10:36mín



31.	Þorgerður Kolbrá Hermundardóttir	'09	10:37mín
32.	Hermundur Guðsteinsson	'80	10:41mín
33.	Hjörleifur Máni Rúnarsson	'08	11:26mín
34.	Rúnar Magnússon	'78	11:36mín
35.	Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir	'10	12:00mín
36.	Elfa Rún Heimisdóttir	'11	12:07mín
37.	Kristján Reynisson	'12	12:23mín
38.	Louise Aitken	'81	12:21mín
39.	Sóley Lindsey Aitken	'15	12:21mín
40.	Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	12:39mín
41.	Kolbeinn Sturluson	'15	12:39mín
42.	Ragnhildur Klara Jónsdóttir	'12	12:49mín
43.	Nadine Stehle	'98	12:49mín
44.	Kristín Stefánsdóttir	'48	12:49mín
45.	Laufey Árnadóttir	'06	12:59mín
46.	Albert Högnason	'10	12:59mín
47.	Mía Hellsten	'73	12:59mín
48.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	'10	13:15mín
49.	Hugrún Svala Guðjónsdóttir	'09	13:20mín
50.	Þorkell Ólafur Þórbergsson	'15	13:46mín
51.	Þórbergur Hrafn Ólafsson	'80	13:46mín
52.	Heimir Rafn Bjarkason	'82	13:46mín
53.	Lisa Langelage		13:49mín
54.	Steven		13:49mín
55.	Elísabet Thorsteinsson	'91	14:18mín
56.	Páll Axel Axelsson	'14	14:18mín
57.	Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir	'84	14:37mín
58.	Sigrún Helgadóttir	'83	14:37mín
59.	Ásta Björg Jónsdóttir	'10	14:42mín
60.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	14:42mín
61.	Jón Valur Jónsson	'13	15:00mín
62.	Jón Örn Albertsson	'81	15:00mín
63.	Ragnhildur Sara Andradóttir	'14	15:15mín
64.	Andri Þór Erlingsson	'84	15:15mín
65.	Lilja Reynisdóttir	'15	15:25mín
66.	Fanney Ólafsdóttir	'80	15:25mín
67.	Guðbjörg Erla Annýardóttir	'15	16:00mín
68.	Kristján Þórarinn Andrason	'16	16:03mín
69.	Hulda Kristjánsdóttir	'84	16:03mín

70.	Ottó Ingi Annýarson	'15	16:08mín
71.	Anný Ingimarsdóttir	'15	16:08mín
72.	Aðalsteinn Sveinsson	'59	16:16mín
73.	Valgerður Gestsdóttir	'57	16:16mín
74.	Elin Dóra Þorsteinsdóttir	'14	17:20mín
75.	Cathy Krentel	'91	17:20mín
76.	Þorsteinn Logi Einarsson	'82	17:20mín
77.	Franzi Frank		17:20mín
78.	Eva Ísey Káradóttir	'15	17:30mín
79.	Elin Bjarnveig Sveinsdóttir	'60	17:30mín
80.	Einar Hermundsson	'55	17:30mín
81.	Kolbeinn Sturluson	'15	17:47mín
82.	Mareike Schacht	'83	17:47mín
83.	Arnar Alex Reynisson	'14	18:45mín
84.	Thelma Dröfn Ásmundsdóttir	'85	18:45mín
85.	Rakel Ýr Sigmarsdóttir	'15	21:41mín
86.	Sandra Dís Sigurðardóttir	'86	21:41mín
87.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	'83	21:41mín

## Glímufréttir

Héraðsmót HSK í glímu fór fram á Hvolsvelli laugardaginn 14. apríl. Þjótandi átti þar níu keppendur sem höfpuðu héraðsmeistartitlum í þremur flokkum. Úrslit okkar fólks urðu sem hér segir:

### Unglingar 17-20 ára

### Vinningar

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson 2

### 12 ára stelpur

2. Melkorka Álfdis Hjartardóttir 2 + 1

### 11 ára og yngri strákar

1. Óskar Freyr Sigurðsson 6

4. David Örn Sævarsson 3

5.-7. Axel Örn Sævarsson 1

5.-7. Björgvin Guðni Sigurðsson 1

5.-7. Gísli Svavar Sigurðsson 1

### 11 ára og yngri stelpur

1. Svandís Aitken Sævarsdóttir 3,5

4. Margrét Lóa Stefánsdóttir 1

Glímuæfingum er lokið þennan veturinn en síðasta æfingin fór fram 1. maí. Takk fyrir veturinn! Þjálfarar

## Brokk og skokk

Ungmennafélagið Þjótandi mun halda sína þriðju keppni í Brokk og skokk á Fjör í Flóa. Keppnin fer fram laugardaginn 26. maí strax að loknum morgunverðinum í Félagslund. Áhorfendum er bent á að best er að vera við Félagslund til að fylgjast með.

Brokk og skokk er liðakeppni, þar sem hvert lið skipa tveir einstaklingar ásamt einum hesti. Einstaklingarnir skiptast á að sitja hestinn og hlaupa. Keppt verður í þremur flokkum, fjölskylduhring, íþróttahring og flokki 60+. Íþróttahringurinn er rúmlega 4 km og verður ræstur kl 11:00. Upphafsstaður íþróttahringins er við afleggjarann að Syðra-Velli en keppendur geta tekið hesta af kerrum þar heima á hlaðinu. Frá Syðra-Velli er riðið sem leið liggur eftir Hamarsveginum, að Gaulverjabæjarkirkju og í gegnum Haugslund. Þaðan aftur upp á veg og endað hjá Félagslund. Á leiðinni eru þrjár skiptistöðvar. Sá sem ríður hestinum af stað skilur hestinn eftir á fyrstu skiptistöð og hleypur áfram. Svo þegar sá sem hljóp af stað kemur að fyrstu skiptistöð, þá tekur hann hestinn og ríður áfram. Og síðan koll af kalli, alla leið í mark. Það lið sem er fyrst komið allt í mark, sigrar.

Í fjölskylduhringnum sem er um 2 km að lengd, eru engar skiptistöðvar og heimilt er að teyma börn undir 8 ára aldri alla leiðina. En séu börn kominn yfir 8 ára aldur, þá verður að skipta að minnsta kosti einu sinni um knapa. Það má gera hvenær og hvar sem er í brautinni. Fjölskylduhringurinn hefst við Félagslund kl 11:00, liggur að Gaulverjabæjarkirkju, gegnum Haugslund og aftur að Félagslund.

Í flokki 60+ keppa aðeins einn maður og hestur saman. Ríða má alla leið með viðkomu á skiptistöðvunum. Verður nánar kynnt á Facebooksíðu Þjótanda. Keppendur mæta sjálfir með hesta til keppninar og er öllum keppendum skylt að bera hjálma á hestbaki. Best er að skráningar berist í síðasta lagi fimmtudaginn 24. maí til Guðmundu í síma 846-9775. Einnig verður hægt að skrá sig á staðnum en betra er að fá skráningar fyrirfram.

**Fólk á öllum aldri er hvatt til að koma og vera með í þessari skemmtilegu keppni en leiðin hefur verið stytta töluvert frá fyrra ári og því flestum fær.** Loftmyndir af leiðunum munu birtast á facebook síðu Þjótanda þegar nær dregur.

Að lokinni keppni mun verða veitt verðlaun við Félagslund.

## Frá Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps:

### **Plöntuskiptimarkaður á Fjör í Flóa**

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps mun standa fyrir plöntuskiptimarkaði á Fjör í Flóa 2018. Markaðurinn verður á milli kl 13 og 15 á laugardeginum. Allir geta komið með plöntur, þe. tré, runna og blóm, á markaðinn og fengið þeim skipt fyrir aðrar. Einnig verður tekið við plöntum sem fólk vill losa sig við auk þess sem hægt verður að kaupa plöntur á markaðnum og styrkja þannig starf skógræktarfélagsins. Plöntur skulu vera stakar í pottum eða pokum til að auðvelda skiptin.

### **Skógarheimsókn**

Skógræktarfélagið hyggst fara aftur í skógargönguferð í sumar og að þessu sinni verður farið í Hellisskóg á Selfossi. Um er að ræða léttu göngu sem hentar vel allri fjölskyldunni. Stefnt er að því að fara mánudagskvöldið 11. júní en nánari upplýsingar verða auglýstar síðar.

### **Plöntur**

Skógræktarfélagið minnir á að félagsmenn geta fengið skógarplöntur hjá félaginu. Eftirspurn eftir plöntum hefur farið vaxandi en takmarkað magn er í boði. Þeir sem áhuga á að fá plöntur hjá skógræktarfélaginu skulu hafa samband við Erlu (s:849 0502).

## **Áttu krútt?**

Áttu krútt að smádýr, kettling, hvolp, kanínu, hamstur, kiðling..... eða bara eitthvað sætt krútt sem þú myndir vilja lána okkur á Fjör í Flóa í nokkra klukkutíma á laugardeginum 26. maí. Inga á Langstöðum er yfirkrúttþirðir og hún hugsar sko vel um dýrin.

Inga situr við símann og hlakkar til að heyra frá þér.

Inga gsm: 691-7082



## Feringar um hvítasunu

### Hraungerðiskirkja

Feringarguðspjónusta verður í Hraungerðiskirkju á hvítasunnudag, 20. maí kl. 13.30. Fermd verða:

Einar Skeggjason, Skeggjastöðum  
Emilfa Ýr Kjartansdóttir, Víðivöllum 12, Selfossi  
Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, Hrygg  
Hallgerður Höskuldsdóttir, Stóra-Ármót  
Hrefna Sif Jónasdóttir, Réttarholti 7, Selfossi

### Villingaholtskirkja

Feringarguðspjónusta verður í Villingaholtskirkju, annan í hvítasunu, 21. maí kl. 11.00. Fermd verða:

Freyja Kristín Guðjónsdóttir, Þjórsárnesi  
Heinz Jóhann Brynjólfsson, Kolsholtshelli

## Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

### Opið hús 13. maí

Sigríður í Tjörnum ætlar að bjóða okkur heim til sín í opið hús, sunnudaginn 13. maí frá kl. 20.00. Eins og venjulega koma allar með veitingar á hlaðborð og við njótum svo samveru við hver aðra þessa kvöldstund.

### Vorfundur/ Súpufundur

Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudaginn 30. maí kl. 20.00. Frekar óformlegur fundur, meðal annars rætt um Fjör í Flóa, áætlanir fyrir sumarið o.fl. Súpa og brauð á fundinum, verði stillt í hóf.

Nýjar konur eru boðnar velkomnar á fundinn.

Sólveig Þórðardóttir form Kv. Villingaholtshrepps

## Tækjalisti Búnaðarfélags Gaulverja 2018

Hér er birt verðskrá fyrir notkun tækja hjá Búnaðarfélagi Gaulverja fyrir árið 2018. Verðskráin er nánast óbreytt milli ára og eru bændur innan og utan félagsins hvattir til að nota tækjakostinn eftir fremsta megni. Tæki félagsins eru flest miðuð til að efla jarðrækt hjá félagsmönnum og öðrum sem eftir því sækjast eins og kveður á um í samþykktum félagsins. Rétt er að geta þess að félagið endurnýjaði í vetur hestakerru félagsins og getur nú boðið til leigu nýja öfluga alhliða gripaflutningakerru með möguleika á milligólfi til fjárflutninga. Tækjum skal skilið til umsjónarmanna hreinum og smurðum að notkun lokinni.

<b>Tæki í umsjá Þorsteins á Syðra Velli s. 862-0305 og 486-3377</b>		
Stór valtari	2300	kr/ha
Pinnatætari	3300	kr/klst
Haugsuga	1500	kr/klst
Gripakerra	50	kr/km + 2000 kr startgjald
Hagasláttuvél	2300	kr/klst
Hnífaherfi	1800	kr/klst
<b>Tæki í umsjá Sturlu á Fljótshólum s. 862-0623 og 486-3434</b>		
Plógur 5 skera	3600	kr/ha
Lítill valtari	1000	kr/ha
Hnífatætari 3m	3300	kr/ha
<b>Tæki í umsjá Stefáns í Gerðum s. 867-6907 og 486-1007</b>		
Ávinnsluherfi	1500	kr/ha
Sáðvél	7000	kr/ha
Fjaðraherfi	2000	kr/klst
Diskaherfi	3500	kr/ha
Samson dreifari	25000	kr/dagurinn
	12500	kr/hálfur dagur

## Tækjalisti Búnaðarfélags Villingaholtshrepps 2018

Hér má sjá tækjalista ársins 2018. Búið er að endurnýja 5 skera plóginn og selja fjaðrahæfið. Munið að skila tækjunum strax eftir notkun hreinum og smurðum. Bændur eru hvattir til að leigja tæki óháð félagsaðild eins og undanfarin ár. Jaðræktarkveðjur frá stjórn.

### Tæki í umsjón Reynis á Hurðarbaki, s. 898-0929:

Flaghefill	1.500 kr/dag
Málningarsprauta	500 kr/klst
Staurabor	1.000 kr/dag
Topplyklasett	Frítt
Sturtuvagn	7.000 kr/dag
Loftunarherfi	2.000 kr/ha

### Tæki í umsjón Kristins í Kolsholti, s 869-7625

Sáðvél	2.500 kr/ha
Pinnatætari	3.300 kr/ha
Valtari	2.300 kr/ha
4skera vendiplógur	4.000 kr/ha

### Tæki í umsjón Benedikts í Ferjunesi, s. 848-8604

Hnífatætari	2.000 kr/klst
Haugsguga	2.100 kr/klst
Plógur 5skera	3.600 kr/ha
Hagasláttuvél	2.300 kr/klst
Steypuhrærvél	200 pr poka, hámark 6.000 kr/dag

### Áttu gull í garðinum?

Áttu gamlan bíl, traktor eða aftanítæki? Þá bíður Rúnar í Súluholti við símann: 898 1535.

Fjör í Flóa



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

## *Sveitarstjórnarkosningar 2018*

Tekið verður á móti framboðum til sveitarstjórnarkosninga á skrifstofu Flóahrepps í Þingborg laugardaginn 5. maí 2018 frá klukkan 11:00 – 12:00.

*Athugið breytingu á kjörstaðvegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí 2018*

### **Kosið verður í Flóaskóla.**

*Kjörstaður verður opinn frá klukkan 10:00 – 22:00*  
**Kjörstjórn Flóahrepps**

### **Dagskrá mánaðarins**

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar	7. maí
Æfing unglingar Þingborg	7. maí
Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps	13. maí
Framboðsfundur í Þingborg	14. maí
Æfing unglingar Þingborg	14. maí
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	20. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	21. maí
Aðalfundur þorablótsdeildar	22. maí
Fjör í Flóa	25.-26. maí
Sveitarstjórnarkosningar	26. maí
Æfing unglingar Þingborg	28. maí
Vorfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	30. maí



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160